


Samþykkt þann
16 DEC 2011
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

DALSHRAUN 15
BYGGINARLÝSING:

Landnúmer: 120267
Staðgreinir: 1400-1-17100150

Húsið er upphaflega teiknað af Jóni Guðmundssyni, árið 1982, en skráð byggingarár er 1984. Húsið er L-laga og er þriggja hæða. Inni í L-inu er stórt niðurgrafið vöruplan og er innankeyrt af því inn á jarðhæð sem hýsir ýmis konar geymslur og verslun. Á annarri hæð er verslun og skrifstofur, en á þriðju hæð er rekið gistiheimili.

Byggingarefni:
Húsið er steinsteypt og er einangrað að innaverðu með plasteinangrun sem pússuð er með sementsmúr. Húsið er hitað með hefðbundnu ofnakerfi. Gluggar eru timburgluggar. Þak er byggt úr sperruefni og einangrað með hefðbundnum hætti. Þak er klætt með bárujárni. Húsið er pússað að utan og málað.
Nýir innveggir verða byggðir byggðir úr málmstoðum, einangraðir í grind og klæddir með tvöfldu gipsi. Klæðningar innanhúss verða í flokki 1.
Í allri byggingunni skal vera viðurkennt sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð

Sótt er um:
Breytingar á innra skipulagi jarðhæðar og annarrar hæðar, en þar ætlar Húsasmiðjan að opna byggingarvöruverslun.
*Einnig er sótt um hækkun á grindverki til hliðar við húsið og að byggja létta* framhlið við inngang, til samræmis við aðrar verslanir á vegum Húsasmiðjunnar.

Komi til viðhalds eða endurbóta skal taka mið af gildandi ákvæðum byggingarreglugerðar eftir því sem við á. Endurbætur á eldvörnum skulu gerðar samhliða eðlilegu viðhaldi húss.

## Brunavarnir

Eftirfarandi brunavarnatexti og lausnir eru gerðar af VSI Öryggishönnun og ráðgjöf í nóv. 2011 fyrir Húsasmiðjuna Dalshrauni 15, Hafnarfirði. Ekki liggur fyrir önnur brunavarnaskýrsla. Um er að ræða eldra verslunarhúsnæði. Þriðja hæð hússins sem er gistiheimili var samþykkt af byggingaryfirvöldum árið 2009. Einungis er fjallað um brunavarnir verslunar og lagers á fyrstu og annarri hæð í þessari brunavarnalýsingu.

### Brunasamstæður - brunahólf

**Fyrsta hæð:**
Verslun á fyrstu hæð er ein brunasamstæða, u.þ.b. 450 m$^2$.
Lager á fyrstu hæð er ein brunasamstæða, u.þ.b. 810 m$^2$ en skiptist í tvö brunahólf.
Stærri lager er eitt brunahólf, u.þ.b. 550 m$^2$.
Minni lager er eitt brunahólf, u.þ.b. 160 m$^2$.
**Önnur hæð:**
Verslun á annarri hæð ásamt tengdum rýmum er ein brunasamstæða og eitt brunahólf u.þ.b. 1400 m$^2$.

### Burðarvirki

Hér er um eldri byggingu að ræða og gert er ráð fyrir að burðarvirki uppfylli kröfur byggingarreglugerðar. Brunamótstaða aðalburðarvirkja er talin vera a.m.k. R90.
Brunamótstaða burðarvirkis stiga milli hæða er a.m.k. A-R60.
Hæðaskil eru talin vera a.m.k. REI90.

### Klæðningar

Allar innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.

### Flóttaleiðir

**Almennt:**
Rafmagnsrennihurðir í verslun á jarðhæð og annarri hæð skulu útbúnar með vararafhlöðu. Á opnunartíma skulu þessar hurðir opnast við brunaboð.
Flóttahurðir frá verslun á jarðhæð og annarri hæð skulu búnar neyðarhúnum eða "push pad".
**Kjallari:**
Frá verslun eru tvær óháðar flóttaleiðir beint út.
Gera má ráð fyrir allt að 150 manns í verslun miðað við þrjá á fermetra.
Flóttaleiðir anna þessum fjölda skv. reglum.
Hvergi er lengra en 25 m í útgang eða annað brunahólf í kjallara.
**Fyrsta hæð:**
Þrjár flóttaleiðir frá verslun eru samtals u.þ.b. 3,3 metrar sem anna fjölda skv. reglugerð.
Gera má ráð fyrir allt að 330 manns í verslun miðað við þrjá á fermetra.
Frá verslun er lengst u.þ.b. 30 metrar í flóttaleið beint út sem er í samræmi við væntanlega byggingarreglugerð og mörg erlend viðmið.
Frá vörumóttöku eru tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá skrifstofum eru tvær flóttaleiðir.

### Brunaviðvörunarkerfi

Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í kjallara og fyrstu hæð skv. reglum Mannvirkjastofnunar. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.
Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd er við aðalinngang á fyrstu hæð.

### Reyklosun

Reyklosun frá verslun og lager á jarðhæð og annarri hæð er um glugga og hurðir.

### Slöngukefli og slökkvitæki

Slöngukefli hafa verið sett upp á jarðhæð og annarri hæð þannig að brunaslöngur nái út í öll horn.
Slökkvitæki skulu m.a. staðsett við brunaslöngur en auk þess staðsett víðar í húsnæðinu skv. reglum. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum af hæfilegri stærð miðað við sjónfjarlægð.

### Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing er sett upp á jarðhæð og annarri hæð skv. byggingarreglugerð.
Reikna skal með a.m.k. 0,5 lux í stærri lagerum, verslunum og vörumóttöku.

### Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði, út- og neyðarlýsingu og vararafmagni rennihurða). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Húsasmiðjuna, Dalshraun 15.

Yfirfarið af brunahönnuði
VSI 16.11.2011

15.11.2011
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

| | |
|---|---|
| Verkheiti: | **DALSHRAUN 15** |
| Teikning: | grunnmynd - jarðhæð - byggingarlýsing |
| Verkkaupi: | HÚSASMIÐJAN |
| Arkitekt: | Orri Árnason |
| Teiknað af: | oá |
| Yfirfarið af: | oá |
| Dags: | 14.11.2011 |
| Kvarði: | 1:100 |
| Stærð: | A1 |
| Fjöldi teikn.: | 5 |
| Teikn.nr. | 103 |

**ZEPPELIN ARKITEKTAR**

Orri Árnason FAÍ Kt: 080864-5749 - www.zeppelin.is - tel 5533640 - zeppelin@zeppelin.is